

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

*Bráðabirgðalög um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglu-
firði, undirskrifuð af forsetanum 31. maí 1945, nr. 72.*

*Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrif-
aður af forsetanum sama dag, nr. 73.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymslu-
hús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, undirskrifuð af forsetanum 29. júní 1945,
nr. 74.*

*Forsetaúrskurður um breyting á forsetaúrskurði 31. maí 1945, um skipun og
skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af forsetanum 2. ágúst 1945, nr. 75.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýr-
tiðarvisitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðar-
afurða á visitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 76.*

*Fyrirmæli um sparissjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands, undirskrifuð af land-
búnaðarráðherra 7. maí 1945, nr. 77.*

*Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð fyrir verkfræðideild
Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. ágúst 1945, nr. 78.*

127 Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 30. tbl. Lögbirtingablaðsins 13. júní 1945, um afnám og innköllun siglingaskírteina.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að ekki sé lengur
þörf fyrir siglingaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar,
dags. 7. marz 1941, sbr. auglýsingu ráðuneytisins í Lögbirtingablaðinu, dags. 19.
febrúar s. l.

Skírteinum þessum ber að skila aftur eins fljótt og hægt er til brezka aðal-
konsúlatsins í Reykjavík, brezka vice-konsúlsins á Akureyri, brezku flotastjórnar-
innar á Seyðisfirði og brezka vice-konsúlsins í Vestmannaeyjum.

128 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið 10. júlí Bíóhöllina á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- herra 10. júlí 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina á Akranesi.

1. gr.

Við undirrituð hjón höfum með bréfi, dags. 28. september 1943, gefið Akranes-
kaupstað kvikmynda- og hljómleikahúsið Bíóhöllina við Vesturgötu nr. 29 á Akra-
nesi með gangstéttum umhverfis og tilheyrandi lóð, 770 fermetrum að stærð, ásamt
sýningarvélum og öllum útbúnaði innan húss, eins og þetta var í byrjun október-
mánaðar 1943, skuldlaust.